



Reglur Ísafjarðarbæjar um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum til íþróttafélaga og almennings

1. gr.

Markmið og umfang

Markmið þessara reglna er að auka fagleg vinnubrögð við úthlutun íþróttatíma, efla íþróttastarf sveitarfélagsins og bæta samstarf hlutaðeigandi. Með styrkveitingu er átt við gjaldfærðar milli-færslur vegna notkunar íþróttafélaga á íþróttamannvirkjum bæjarins. Ekki er átt við greiðslu á fjármunum til íþróttafélaga heldur reiknaðan kostnað vegna notkunar íþróttamannvirkja samkvæmt verðskrá sveitarfélagsins hverju sinni. Styrkveiting nær til þeirra sem eru aðilar að Héraðssambandi Vestfirðinga og starfa samkvæmt lögum sambandsins.

Reglurnar ná til eftirfarandi íþróttamannvirkja og íþróttasvæða:

- Íþróttahúsið á Torfnesi
- Knattspyrnusvæði á Torfnesi
- Sundhöll Ísafjarðar
- Íþróttahúsið Austurvegi
- Íþróttamiðstöð Suðureyri
- Íþróttamiðstöð Flateyri
- Íþróttamiðstöð Þingeyri
- Skíðasvæði Ísafjarðarbæjar

2. gr.

Umsókn um tíma

Umsóknir um æfingátíma er skilað til íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Ísafjarðarbæjar. Umsóknir vegna vetrarúthlutunar sem er tímabilið september–apríl ár hvert skulu berast í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Vegna sumarúthlutunar sem er maí til ágúst skulu umsóknir berast í síðasta lagi 1. apríl ár hvert.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi ásamt forstöðumanni íþróttamannvirkja kynna fyrstu drög að tímátöflu á sérstökum fundi sem íþróttahreyfingin er boðuð á.

3. gr.

Úthlutun íþróttafélaga

Æfingátímum til íþróttafélaga er úthlutað af íþrótt- og æskulýðsfulltrúa í samráði við forstöðumann íþróttamannvirkja Ísafjarðarbæjar. Til styrkhæfra æfingátíma telst allt barna og unglingsstarf 0–18 ára, auk æfinga meistaraflokks karla og kvenna í hóp- og einstaklingsíþróttum, þar sem jafnframt er haldið úti öflugum barna- og unglingsstarfi sem og keppt á Íslandsmótum.

3.1.

Þættir til hliðsjónar

Við úthlutun æfingátíma er tekið mið af eftirfarandi þáttum:

1. Fjöldi iðkenda og hlutfall barna og unglunga í félaginu.
2. Nýting síðasta tímabils og úthlutun æfingátíma.

3. Æfingar barna og unglunga hafa forgang á úthlutun æfingatíma.
4. Stefnt skal að því að æfingum barna og unglunga ljúki fyrir kl. 19:00.
5. Staða í deild
6. Ársskýrslum skilað og unnar eftir lögum HSV

3.2.

Forgangur

Ísafjarðarbær hefur forgang að notkun íþróttamannvirkja á skólatíma fyrir nemendur leik-, grunn- og framhaldsskóla. Almenna reglan er að skólabörn hafi fyrsta forgang, því næst íþróttafélög og að lokum almennir tímar. Í undantekningartilfellum leigir Ísafjarðarbær út íþróttamannvirki fyrir stóra viðburði í sveitarfélaginu.

1. Leik-, grunn- og framhaldsskólar
2. Íþróttaskólinn
3. Íþróttafélög
4. Lýðskólinn
5. Aðrir

3.3.

Stórhátíðir

Skilgreindir stórhátíðardagar eru nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársgangur. Á þessum dögum eru íþróttamannvirki Ísafjarðarbæjar almennt lokuð.

Óski íþróttafélag eftir aðgangi að íþróttamannvirkjum á tilteknum dögum skal óska eftir því við forstöðumann íþróttamannvirkja.

3.4.

Skráning

Starfsmenn íþróttamannvirkja fylgjast með og skrá upplýsingar um æfingar, fjölda iðkenda, aldursflokka og leiki. Enn fremur skulu skráðar skýringar á ónotuðum æfingatímum.

3.5.

Reglur

Falli tímar íþróttafélaga niður skal láta starfsmenn vita með að minnsta kosti sólahrings fyrirvara.

3.6.

Framsal og endurúthlutun

Aðildarfélögum HSV er ekki heimilt að framselja úthlutuðum æfingatímum til annarra félaga eða einstaklinga. Forstöðumanni íþróttamannvirkis er heimilt að endurúthluta þeim tímum sem eru vannýttir eða ónotaðir í samvinnu við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

4. gr.

Úthlutun til almennings

Hópar utan íþróttafélaga geta sótt um lausa æfingatíma til forstöðumanns íþróttamannvirkja gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins hverju sinni.

4.1.

Stakir tímar

Leigðir eru stakir tíma samkvæmt verðskrá og skulu þeir pantaðir hjá starfsmönnum íþróttamannvirkis.

4.2.

Reglulegir tímar heila önn

Hægt er að fá úthlutaða reglulega æfingatíma heila önn/ár sé pláss í húsunum. Umsækjandi þarf þá að gera grein fyrir hver er ábyrgðarmaður fyrir tímunum og mun hann fá sendan mánaðarlegan reikning fyrir notkun íþróttamannvirkisins.

5. gr.

Framkvæmd, eftirfylgni og undanþágur

5.1.

Undanþágur

Sækja þarf sérstaklega um undanþágu frá þessum reglum til skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar Ísafjarðarbæjar.

5.2.

Framkvæmd og eftirfylgni

Forstöðumaður íþróttamannvirkja, í samráði við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, annast sam-eiginlega framkvæmd og eftirfylgni þessara reglna. Verði ágreiningur um einstök atriði skal þeim vísað til skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar Ísafjarðarbæjar.

5.3.

Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar í desember 2025.

Samþykkt í skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd 29.2.2024.

Samþykkt í bæjarstjórn 7.3.2024.